

Fimmtudaginn 29. september 1994.

Nr. 114/1994.

Ákærvaldið

(Egill Stephensen saksóknari)

gegn

Sigurjóni Hafnfjörð Siggeirssyni

(Hilmar Ingimundarson hrl.)

og Úlfari Ólafssyni

(Páll Arnór Pálsson hrl.)

Þjófnaður. Ákæra.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Garðar Gíslason og Markús Sigurbjörnsson og Guðmundur Jónsson, fyrrverandi hæstaréttardómari.

Ríkissaksóknari hefur skotið þessu máli til Hæstaréttar með stefnu 8. mars 1994 í samræmi við yfirlýsingu ákærðu um áfrýjun og einnig af hálfu ákærvalds.

Af hálfu ákærvalds er krafist staðfestingar á sakfellingu ákærðu og þyngingar á refsingu.

Ákærðu krefjast hvor um sig aðallega sýknu af öllum kröfum ákærvaldsins, en til vara, að refsing samkvæmt héraðsdómi verði milduð.

I.

Aðfaranótt 15. september 1993 voru ákærðu handteknir, þar sem komið var að þeim ölvuðum í línherbergi á annarri hæð gistihússins Hótel Reykjavíkur við Rauðarárstíg, en inn í gistihúsið virðast þeir hafa brotið sér leið um glugga í nærliggjandi herbergi. Á vettvangi fannst nokkur fjöldi af smáflöskum af áfengi. Þá hafði ákærði Sigurjón á sér skrufjárn og 2.692 krónur, að mestu í seðlum, sem hann gat ekki skýrt, hvaðan væru komnir.

Í lögregluskýrslu, sem var gerð í tengslum við handtökuna, er hermt, að maður að nafni Ásgeir Guðbjartsson hafi gist í því herbergi, sem var brotist inn um glugga á, og sakni hann 3.000 króna í seðlum úr veski sínu, sem hafi verið í herberginu. Segir í skýrslunni, að þeirri fjárhæð hafi verið stolið frá Ásgeiri svo og „2×50 ml flösk-

um af áfengi af míníbar hótelsins“, en tekið er fram, að allur varningur hafi verið tekinn úr þessum bar í herberginu, og hafi ákærðu flutt hann með sér yfir í línherbergið. Er að skilja af lögregluskýrslunni, að búið hafi verið að ganga eitthvað á þennan varning, en að öðru leyti hafi hann verið óátekinn.

II.

Samkvæmt ákæru er málið höfðað á hendur ákærðu meðal annars fyrir að hafa aðfaranótt 15. september 1993 „stolið 3.000 krónum . . . á hótelherbergi Hótels-Reykjavíkur við Rauðarárstíg í Reykjavík“. Ekki er annað að sjá en ákærðu hafi með þessu verið gefið að sök að hafa tekið umrædda fjárhæð úr herbergi á gistihúsinu, líkt og greint var frá í fyrrnefndri lögregluskýrslu. Maður sá, sem er sagt í lögregluskýrslunni, að fénu hafi verið stolið frá, hefur ekki komið fyrir dóm í málinu, og ekki er heldur að sjá, að lögregla hafi tekið af honum skýrslu af þessu tilefni. Í fram lögðum gögnum er ekki vikið að öðru leyti að þætti hans í málinu en með því, að fyrir liggur upplýsingaskýrsla frá rannsóknarlögreglu ríkisins, dagsett 25. október 1993, þar sem kemur fram, að viðkomandi maður hafi greint ranglega frá nafni og öðrum persónuupplýsingum, en ekkert hafi heyrst frekar frá honum um hvarf áðurnefndrar peningaupphæðar úr herbergi hans. Ákærðu hafa ekki gengist við þessum verknaði, og er því ósannað, að umrædd fjárhæð hafi horfið úr herberginu fyrir tilverknað þeirra.

Fyrir héraðsdómi gaf vitnaskýrslu Ólafur Kristjánsson, sem var næturvörður á gistihúsinu, þegar atburðir þessir gerðust. Í skýrslu hans kom fram, að seinna hefði komið í ljós, að farið hefði verið í peningabauk, sem hefði tilheyrt starfsmönnum á gistihúsinu og var geymdur þar í áðurnefndu línherbergi, og hefði hann verið tæmdur, en vitnið taldi, að í bauknum hefðu verið rúmlega 2.000 krónur. Vitnið bar, að það hefði ekki talið taka því að tilkynna lögreglu um þetta. Þetta virðist ekki hafa verið rannsakað nánar af lögreglu, og ekki var aflað frekari gagna um þetta fyrir héraðsdómi. Í hinum áfrýjaða dómi eru ákærðu allt að einu sakfelldir samkvæmt þessum lið ákærunnar fyrir að hafa slegið eign sinni á „rúmar tvö þúsund krónur úr peningabauk í línherberginu“, og er þá sýnilega vísað til þess, sem greint var frá í vitnisburði Ólafs Kristjánssonar. Sá vitnis-

burður varðar á hinn bóginn ekki þann verknað, sem ákærðu er gefinn að sök samkvæmt hljóðan ákæru.

Verður af þessum ástæðum að sýkna ákærðu af kröfum ákæruvaldsins samkvæmt þessum lið ákærunnar.

III.

Málið er einnig höfðað á hendur ákærðu fyrir að hafa við fyrrgreint tækifæri stolið áfengi, að verðmæti 3.960 krónur, í sama herbergi í gistihúsinu. Í þessum lið ákærunnar er stuðst við lista, sem hóteltjórinn á Hótel Reykjavík mun hafa gert daginn eftir umræddan atburð um varning, sem hafi horfið úr svokölluðum „míní-bar“ á herberginu, en á þessu virðist ekki hafa farið fram sjálfstæð lögreglurannsókn. Samkvæmt listanum var hér um að ræða sex smáflöskur af áfengi auk tiltekins magns af bjór, gosdrykkjum, súkkulaði og hnetum, en á honum er andvirði varningsins talið nema fyrrnefndri fjárhæð. Lýsingin á þeirri háttsemi, sem ákærðu er gefin að sök að þessu leyti, er þannig ekki svo nákvæm sem skyldi í ákæru, en ekki verður þó talið, að það standi því í vegi, að efnisdómur verði lagður á þennan þátt málsins, sbr. 1. mgr. 117. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála.

Telja verður nægilega sannað, að ákærðu hafi gerst sekir um þann verknað, sem þeim er gefinn að sök í þessum lið ákærunnar. Varðar hann við 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

IV.

Með hliðsjón af sakaferli ákærða Sigurjóns og með vísan til þess, sem segir að öðru leyti í hinum áfrýjaða dómi um ákvörðun refsingar á hendur honum, ber að staðfesta ákvæði héraðsdóms um hana.

Fyrir Hæstarétti hefur verið lagt fram endurrit af dómi Héraðsdóms Reykjavíkur, upp kveðnum 9. maí 1994, í máli ákæruvaldsins gegn Úlfari Ólafssyni, en þar var honum dæmd refsing sem hegningarauki við héraðsdóm í þessu máli og gert að sæta fangelsi í átta mánuði. Þeim dómi var ekki áfrýjað. Samkvæmt því verður staðfest ákvæði í hinum áfrýjaða dómi um refsingu ákærða Úlfars.

Staðfesta ber ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað og dæma ákærðu til að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, svo sem í dómsorði greinir.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Ákærðu, Sigurjón Hafnfjörð Siggeirsson og Úlfar Ólafsson, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar óskipt, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 30.000 krónur. Þá greiði ákærðu hvor fyrir sig skipuðum verjendum sínum, hæstaréttarlög-mönnunum Hilmarí Ingimundarsyni og Páli Arnóri Pálssyni, hvorum 30.000 krónur í málsvarnarlaun fyrir Hæstarétti.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 9. febrúar 1994.

Ár 1994, miðvikudaginn 9. febrúar, er á dómþingi Héraðsdóms Reykjavíkur, sem háð er í Dómhúsinu við Lækjartorg af Pétri Guðgeirssyni héraðsdómara, kveðinn upp dómur í sakamálinu nr. 7/1994: Ákærvaldið gegn Sigurjóni Hafnfjörð Siggeirssyni og Úlfari Ólafssyni, sem tekið var til dóms 7. sama mánaðar.

Málið er höfðað með ákæruskjali ríkissaksóknara, dagsettu 4. janúar sl., á hendur ákærðu, Sigurjóni Hafnfjörð Siggeirssyni, Stakkholti 3, Reykjavík, fæddum 4. maí 1946, fæðingarnúmer 464, og Úlfari Ólafssyni, Leifsgötu 25, fæddum 9. febrúar 1958, fæðingarnúmer 761, „fyrir þjófnað með því að hafa aðfaranótt miðvikudags 15. september 1993 stolið 3.000 krónum og áfengi að verðmæti 3.960 kr. á hótélherbergi í Hótel Reykjavík við Rauðarárstíg í Reykjavík.

Telst þetta varða við 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Þess er krafist, að ákærðu verði dæmdir til refsingar“.

Málavextir.

Miðvikudagsnóttina 15. september sl. var hringt til lögreglu frá Hótel Reykjavík við Rauðarárstíg vegna innbrots. Í línherbergi hótelsins á 2. hæð fundust ákærðu áberandi drukkniir. Var þar og poki með smáflöskum af áfengi og á gólfinu tómar smáflöskur undan áfengi, sem ákærðu höfðu drukkið. Á ákærða Sigurjóni fannst skrufjárn og 2.692 krónur, sem hann getur ekki gert grein fyrir. Peningabaukur starfsfólks í línherberginu hafði verið tæmdur, en talið er, að í honum hafi verið rúmlega 2.000 krónur. Í gistiherbergi við hliðina var gluggi upp á gátt, og hafði stormjárn verið skrufað laust. Er hægt að komast að glugganum af bílageymslu án þess að nota stiga. Þá hafði verið rótað í föggum gestsins í þessu herbergi og svokallaður „míníbar“ tæmdur. Að jafnaði munu vera 10–12 smáflöskur af áfengi í hverjum „míníbar“. Á hótelinu eru fimm dyr, ferner á bakhlíð og aðaldyr á framhlíð. Að sögn næturvarðar voru þær allar læstar þessa nótt.

Segist hann hafa orðið var við, að rjálað var við einar dyrnar, en hann ekkert aðhafst vegna þess. Næst hafi það gerst, að einn gestanna hafi komið til sín og sagt, að ekki væri allt með felldu á 2. hæð. Þegar að var gáð, hafi heyrst mannamál út úr línherberginu, og kveðst hann þá hafa hringt í lög-regluna, sem hafi komið og handtekið ákærðu. Næturvörðurinn segist ekki hafa orðið var við aðra óboðna gesti en ákærðu í hótelinu þessa nótt.

Ákærði Sigurjón Hafnfjörð skýrði frá því hjá rannsóknarlögreglu, að þeir Úlfar hefðu verið heima hjá sér á Karlagötu 6. Hefði Úlfar farið að tala um, að þeir skyldu fara og leigja sér herbergi og þeir svo farið að Hótel Reykjavík. Minnti sig, að Úlfar hefði farið inn á undan og opnað fyrir sér bakdyr. Þá mundi hann eftir því, að þeir hefðu haldið upp stiga, en ekki mundi hann þó eftir að hafa farið inn í gistiherbergi. Aftur á móti kvaðst hann muna næst eftir sér í þvottaherbergi hótelsins ásamt Úlfari, og hefðu þeir verið að drekka áfengi úr litlum flöskum. Hann kannaðist við að eiga skrúfjárníð, sem fannst á sér, en kvaðst ekkert hafa notað það um nóttina. Áleit hann meðákærða hafa stungið því í vasa hans, áður en þeir voru handteknir, svo og peningunum, sem á sér fundust. Hér fyrir dómi kannaðist hann við að hafa farið inn í hótelið og að hafa sofnað inni í línherbergi hótelsins. Hann kannaðist einnig við, að á sér hefðu fundist 2.692 krónur, sem hann gat ekki gert grein fyrir. Hann kvaðst hafa staðið í þeirri meiningu, að meðákærði hefði átt áfengið, sem fannst hjá þeim.

Ákærði Úlfar skýrði frá því hjá rannsóknarlögreglu, að hann myndi ekkert eftir því að hafa komið á hótelið um nóttina. Mundi hann eftir sér á veitingastaðnum Keisaranum kvöldið áður og ekkert fyrr en hann vaknaði í fangageymslu lögreglunnar. Þá kannaðist hann ekkert við skrúfjárníð. Hér fyrir dómi neitaði hann því að hafa farið í þjófnaðarskyni inn í hótelið og kannaðist ekki við að hafa stolið þar peningum eða áfengi. Hann kvaðst hafa verið ölvaður, og sagði hann, að sig rámaði í að hafa farið inn í hótelið bakdyra megin. Þá kannaðist hann við að hafa verið handtekinn, þar sem hann stóð á miðju gólfi inni í línherbergi hótelsins. Hann kvaðst ekki muna, hvort hann fór með Sigurjóni inn í hótelið eða hvort hann var einn þar á ferð og þeir hist þar inni, en hann sagðist muna eftir því að hafa hitt eitt-hvert fólk þarna inni. Aftur á móti kvaðst hann ekki muna eftir því að hafa farið inn í gistiherbergi.

Niðurstaða.

Ákærðu fóru saman að næturlagi og í heimildarleysi inn í hótél. Verður að telja sannað, að annar þeirra eða báðir hafi brotist inn um herbergisgluggann, eins og lýst var hér að framan. Þá slógu ákærðu eign sinni á nokkrar smáflöskur af áfengi þarna inni og voru að gæða sér á innihaldinu,

þegar þeir voru handteknir. Enn fremur slógu þeir eign sinni á rúmar tvö þúsund krónur úr peningabauk í línherberginu (ekki gistihvergi, eins og skilja má ákærana). Varðar þetta athæfi þeirra við 244. gr. almennra hegningarlaga.

Viðurlög.

Ákærði Sigurjón hefur frá árinu 1965 hlotið 27 refsidóma, aðallega fyrir hegningarlaga brot. Þá hefur hann verið sektaður 18 sinnum, aðallega fyrir ölvun. Hann hefur þó ekki gerst brotlegur síðan haustið 1989 fyrr en nú.

Á sakavottorði ákærða er þess einnig getið, að hann hafi fengið uppreist æru 15. desember 1992, að því er varðar tíu af refsidómunum. Hefur því verið haldið fram af hans hálfu, að dómur þessir hafi ekki þýðingu fyrir mál þetta. Uppreist æru varðar borgararéttindi manna. Hvorki í 84. gr. almennra hegningarlaga né annars staðar í lögum er að finna heimild til þess að víkja frá meginreglu 5. tl. 70. gr. hegningarlaganna, vegna þess að brotamaður hafi fengið uppreist æru. Verður einnig að telja, að það væri óeðlilegt. Verður því ekki fallist á þessa skoðun ákærða. Þykir refsing hans með hliðsjón af sakaferlinum og því, að hlé hafði orðið á afbrotum hans, vera hæfilega ákveðin fangelsi í 4 mánuði.

Ákærði Úlfar hefur til þessa hlotið 9 refsidóma, aðallega fyrir hegningarlaga brot, þar á meðal fyrir manndráp og brennu. Síðast braut hann af sér í apríl 1990. Þykir refsing hans á sama hátt vera hæfilega ákveðin fangelsi í 4 mánuði.

Dæma ber ákærða Sigurjón Hafnfjörð til þess að greiða verjanda sínum, Hilmari Ingimundarsyni hrl., 30.000 krónur og ákærða Úlfar til þess að greiða verjanda sínum, Kristjáni Stefánssyni hrl., 30.000 krónur í málsvarnarlaun. Allan annan sakarkostnað, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 20.000 krónur, greiði ákærðu óskipt.

D ó m s o r ð:

Ákærðu, Sigurjón Hafnfjörð Siggeirsson og Úlfar Ólafsson, sæti hvor um sig fangelsi í 4 mánuði.

Ákærði Sigurjón Hafnfjörð greiði verjanda sínum, Hilmari Ingimundarsyni hrl., 30.000 krónur, og ákærði Úlfar greiði verjanda sínum, Kristjáni Stefánssyni hrl., 30.000 krónur í málsvarnarlaun. Allan annan sakarkostnað, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 20.000 krónur, greiði ákærðu óskipt.